

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Vogum.

Hrafnaborg 2, 4, 6 og 8, breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 24. febrúar 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Hrafnaborg 2, 4, 6 og 8.

Í breytingunni felst að hámarksfjöldi íbúða innan hvernar lóðar var 6 en verður 8. Óverulegar breytingar eru gerðar á stærðum lóða og byggingarreita innan lóðanna. Innan hvernar lóðar skal koma fyrir a.m.k. 1,5 bílastæðum fyrir hverja íbúð en áður var gert ráð fyrir 2 bílastæðum fyrir hverja íbúð. Skilmálum er breytt á þann hátt að í stað þess að hús verði með flötu þaki og 8,0 m hámarkshæð er mögulegt að hafa hús með flötu þaki og 7,0 m hámarkshæð eða hallandi þak og þá verður hámarkshæð 8,5 m.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 2. mars 2021.

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri.